Xavier Durringer

Krónikur dags og nætur[1]

Ég sef ekki heilu næturnar …
Heilu næturnar sem ég sef ekki, heilu næturnar …
Ég get það ekki, ég bylti mér fram og aftur, kem skipulagi á hlutina. Punktur.
Ég sef ekki heilu næturnar … Ég er örugglega ekki sá eini … en mér tekst ekki að sofna …

*

Það fara heilu dagarnir í að hugsa um þig.
Þú kemur eins og spark í magann á mér, gatar hann, nístir í gegn, einsog tannpína í höfðinu.
Þú mókir, blundar, teygir úr þér, róleg, djúpt inni í mér, yfirtekur mig.

*

A. – Hvar er staðurinn sem flestir eiga leið um?
B. – Fyrirgefðu?
A. – Hvaða gata, gatnamót, kaffihús þar sem fólk hittist?
B. – Ég veit það ekki …
A. – Þar sem allir eiga leið um!
B. – Ég skil ekki hvað þú átt við …
A. – Það hlýtur að vera einhver aðalgata, miðja, eitthvað, andskotinn!!!
B. – Það er hérna, miðbærinn er þarna …
A. – Hvar?
B. – Hérna …
A. – Hérna?
B. – Já þarna á milli stóru tánna, þarna sem ég drep í sígarettunni, miðpunkturinn er þar.
A. – Ertu að gera grín að mér?
B. – Nei alls ekki … Spyrðu næsta mann hvar aðalstaðurinn sé og

1 Ásta Ingibjartsdóttir þýddi. Margréti Óskarsdóttur er þökkuð liðveisla við þýðinguna.

hann mun svara að hann sé þarna á milli tánna á náunganum þarna, þar sem hann drap í sígarettunni sinni.
A. – Ertu að gera grín að mér? Nei, sko þetta er ekkert fyndið, sjáðu til, ég er ekki héðan og ég er í vandræðum því ég á stefnumót hérna í kvöld …
B. – Við hvern?
A. – Við konu og hún sagði mér að þegar ég kæmi út af lestarstöðinni þá færi ég að torginu, það væri ekki hægt að villast, þú ferð þangað sem mannlífið er, ég mun bíða eftir þér … þannig að ég er að leita sko …
B. – Leitaðu þá, hvað viltu að ég segi við þig … en farðu og leitaðu annars staðar … til dæmis þarna, sjáðu, farðu og leitaðu þarna.
A. – Truflar það þig ef ég verð hér áfram?
B. – Já það truflar mig, mig langar ekki að horfa á þig bíða hérna eftir einhverri gellu með blómvönd í hendinni, ég verð þunglyndur.
A. – Ó …
B. – Ó hvað, svona farðu nú, skilurðu ekki það sem er sagt við þig?
A. – Jú … nei sjáðu, bærinn er að lifna, hún var kannski ekki að ljúga að mér, ég er kannski eftir allt saman á rétta staðnum!
B. – Finnst þér þú vera fyndinn eða finnst þér þú vera fyndinn?
A. – Í alvöru talað … nei, eiginlega ekki! Truflar það þig virkilega að ég verði hérna áfram?
B. – Þessi gæi er fífl, já virkilega, ég hef nóg að gera.
A. – Ég skil, en lofaðu mér einu, ef þú sérð hana, hún er ekki mjög hávaxin, ljóshærð með svona Prins Valíant klippingu …
B. – Ég tek hana!
A. – Ha?
B. – Ég tek hana, heldurðu að ég láti sæta stelpu framhjá mér fara bara si svona …
A. – Ég finn á mér að þú ert að grínast, segðu henni bara að ég hafi komið og ég bíði eftir henni aðeins lengra frá …
B. – Já, já ég skal segja henni það …
A. – Vegna þess að ég keypti blóm handa henni, henni finnast rósir svo fallegar … sem sagt … jæja, ég ætla ekki að trufla þig meira, þú hefur „nóg að gera“ … en leiðinlegt því mér finnst gaman að spjalla svona, við hvern sem er, ég elska það.

*

Líf mitt er innantómt, það gerist aldrei neitt, ekkert sem kemur mér í gott skap á morgnana, ég hitti bara fífl, í þessu fíflalega lífi, bara gaura sem geta ekkert annað en að glápa á rassgatið á mér með lafandi tungu.
Ég er búin að fá nóg, það er ekkert áhugavert í þessu lífi mínu.
Mig langar að upplifa eitthvað á-hug-a-vert, komast á flug, brenna mig á einhverju, en ég brenni mig ekki á neinu, það er ekkert að gerast, ekkert sem æsir eða kitlar hugann.
Í sjónvarpinu, í bókum, í bíó, út um allt eru allir að upplifa eitthvað spennandi, þeir gráta yfir því, ég græt aldrei, það er ekkert sem grætir mig, það er bara eðlilegt, ég þekki engan, nei ég þarf ekki að hafa áhyggjur af því, það er enginn sem ég elska eða elskar mig, þannig að ég er gjörsamlega í friði, algjörlega í friði, kannski einum of mikið í friði, en í friði!
Mig langar að gera eitthvað annað en það sem ég geri, skilurðu, eitthvað annað.
Vera einhver önnur, alveg öfugt við það sem ég er, hávaxin, dökkhærð, með svona brjóst … og svona rass … og augu og munn, ég meina alvöru munn, alvöru augu, og hár, oh já, þykkt og sítt, það myndi ég elska, já og búa annars staðar, tala annað tungumál, hafa aðra trú, eiga önnur föt, aðra foreldra, aðra fjölskyldu, eiga lítið hús og bíl og allt það.
Ég vil vera önnur.

*

Strákur horfir á eftir stelpu. Hann situr úti á kaffihúsi, hann borgar, stendur upp og eltir hana. Hún fer upp í strætó, hann líka … hún kemur á lestarstöðina og kaupir miða. Hann kaupir sér lestarmiða og tekur sömu lest.
Hann er alla leiðina við hliðina á henni, þau eru í áttamannavagni en eru bara tvö. Fyrir ofan hana er mynd af snæviþöktu fjalli. Á leiðarenda gengur hann út með henni án þess að hafa yrt á hana. Hann bíður eftir réttu stundinni.
Hann hugsar. En þarna á brautarpallinum er beðið eftir henni.
Þau kyssast og hann horfir á. Maðurinn og stúlkan fara upp í bíl. Hann biður leigubíl að elta þau alveg eins og í amerísku bíómyndunum, og setja hann úr á sama stað. Þetta er raðhús. Hann

bíður eftir að það dimmi, fyrir framan, á gangstéttinni, á móti. Hann reykir sígarettu og það kvöldar.
Hann horfir inn. Hann ímyndar sér brot úr samtali. Ljós slokknar, kviknar aftur og slokknar aftur. Það er dimmt og það er kalt. Hann nýr saman höndum.
Hann hugsar að það sé ekkert sem heitir tilviljun, að eitthvað muni gerast, atburður, að þegar maður vill eitthvað virkilega þá komi að því að það gerist. Hann hugsar um hana sofandi. Hann hugsar svo sterkt til hennar að hún hlýtur að finna það.
En það gerist ekki neitt, hún finnur ekki neitt, hún sefur.
Hann stendur upp og hleypur burt.

*

Það sem er gott við nóttina, þegar þú sofnar í myrkrinu, er að þú getur hugsað um konuna sem þú elskar, jafnvel þótt það sé ekki sú sem sefur við hliðina á þér.

*

Ég get ekki sagt það, get ekki útskýrt það. Einfaldan hlut, ég get það ekki … þetta er … það er eitthvað að … þetta virkar ekki, eitthvað sem fer ekki af stað, mig langar að segja ykkur, oh ég vildi óska þess að þetta myndi opnast þarna inni, en það opnast ekki, það er ekkert sem kemur út, aldrei, ekkert gott, þarna, það er ekkert sem þið getið lesið þarna, ekkert sem þið getið ráðið í og á sama tíma skynjað, jafnvel á undan mér, þarna, það sem ég skynja, sagt mér það, það er eitthvað, eitthvað lítið skítugt fyrirbæri sem sést ekki, sem stíflar eða ég veit það ekki, eins og smá arða sem raskar öllu, sem stöðvar allt, ég veit það ekki, ég pæli í þessu en ég skil það ekki, í alvöru, hverju líkist ég eiginlega?
Ótrúlegt, þegar fólk sér mig þá hugsar það, þessi er flott, það er ótrúlegt hvað þessi stelpa er flott, þvílík útgeislun, mann langar að bíta í hana, hún er, hvernig segir maður, safarík, já, flæðandi, fallega þrýstin, mmmm djöfull hvað hún er falleg, girnileg, þessi stelpa er gangandi freisting, frá toppi til táar, eruð þið ekki sammála?
Þetta er ekki rétt. Þetta er bara umgjörð, beinagrind, skrítin beinagrind, ég veit það ekki, ég veit það ekki.
Stundum þegar nóttin er lengri en venjulega og ég er þarna eins og fífl og gleypi í mig brauðsneiðar með smjöri, kakósmjöri eða

hnetusmjöri, tæmi allt, ísskápinn, eggjabakkana til að gera eggjaköku, kroppa í súkkulaði, tel dagana fyrir framan kaldar tómar dollurnar, dýfi bara einhverju í sultuna, þá segi ég við sjálfa mig að ég verði að fitna, ná mér í fitu, já verða feitari og feitari, þannig að enginn, aldrei neinn muni horfa á mig, því stærri og feitari sem ég verði því minna sjáist ég, fyndið, ekki satt?
Ég gæti lagt mig niður í friði, teygt úr feitum leggjunum, snúið mér á hliðina, ég myndi gera eins og þreytt kona, ég myndi tæma spjald eftir spjald af litlum pillum í öllum litum, bláar, ég myndi loka augunum og gleyma hvað ég heiti og hvernig ég var og um leið og ég lokaði augunum myndi ég deyja, já ég myndi deyja.

*

Hann gengur til að þurfa ekki að fara heim.
Hann gengur sömu göturnar aftur og aftur, fyllir upp í gangstéttina. Hann bíður eftir að hitta konu, bara einhverja konu, hann er ekki erfiður í kvöld, næstum því hvaða konu sem er. Hann myndi tala við hana, heilsa henni, segja að hann langi til að sofa hjá henni, að hún skuli losa hann við allt sem hann hafi þarna inni í sér, hún geti það vel, hvar sem er, heima hjá sér, heima hjá honum, eins og hún vilji, núna strax, í ganginum eða í bílnum, honum er sama svo lengi sem hann tekur hana án þess að hugsa um eitthvað annað en að tæma sig.
Svo drífur hann sig burt.

*

Áður.
Áður hló ég, að öllu og engu.
Áður söng ég, frá morgni til kvölds.
Áður dansaði ég, hvar sem var.
Áður gat ég talað klukkutímum saman, um hvað sem var og við hvern sem var.
Ég þurfti þess, staður og stund skiptu ekki máli.
Ég þurfti þess, ég nálgaðist ástina eins og spenntur bogi, eins og vélbyssuskot sem hittir ekki í mark, ég beið eftir að það hitti í mark, einhvern, einhvers staðar.
Það kom að því, ég hitti þig.
Áður en ég hitti þig, hló ég.
Áður en ég hitti þig, söng ég.

Áður en ég hitti þig, dansaði ég.
Áður en ég hitti þig, talaði ég klukkustundum saman um hvað sem var, við hvern sem var.

*

Ef þú menntar þig ekki verður ekkert úr þér, þú færð enga vinnu, ekkert hús, þú munt engjast eins og maur á brennheitri pönnu … þú munt aldrei eignast konu. Þú munt ráfa um frá einum stað til annars, skilja eftir þig slóðina, eins og snigill, skuldaslóðina, skilurðu það, sonur minn? Eins og bensín sem lekur úr vösunum þínum.
Og einn dag mun einhver kveikja í. Skilurðu? Einhver mun kveikja í og eldurinn mun hremma þig og þú fuðrar upp á staðnum, sonur minn, þú verður brunarúst. Farðu varlega sonur, það er enga vinnu að fá það er ekkert eftir …
Eftir 25 ár í sömu verksmiðjunni hentu þeir í mig tvöföldum mánaðarlaunum og armbandsúri í þakklætisskyni. Armbandsúri! Til að telja hvað, til að bíða eftir hverju, úri! Til þess að ég og mamma þín bíðum klukkutímunum saman, dögum saman eftir fréttum af syni okkar. Skilurðu það eða skilurðu það ekki? Til þess að síminn hringi einn daginn til að tilkynna mér að sonur minn hafi brunnið. Sonur þinn brann fyrir framan húsið þitt. Skilurðu það?

Þú verður að gegna herskyldunni, fara í röðina, verða að manni, vera traustsins verður, raka af þér hárið, verða eins og allir hinir, skilurðu?
Frakki!
Þú verður að hreinsa burt fortíðina, hreinsa í staðinn fyrir að brenna. Þú þarft að þvo okkur og nudda dag eftir dag, þvo af okkur fortíðina, skilurðu, svo ég verði einn daginn stoltur af þér.
Og hann fór að gráta, gat ekki hætt, ég stóð þarna eins og asni og horfði á hann gráta. Ég hellti upp á kaffi, hann drakk ekkert, skildi allt eftir.

Maður grætur þá sem eru dánir, þá sem við skildum eftir, hugsaði ég.
Ég hugsaði, maður grætur þá sem eru dánir, ekki þá sem eru lifandi, pabbi.

*

Augnaráð hans brennir mig eins og sígaretta. Hann les hugsanir mínar, þarna inni í hausnum á mér. Hann sér í gegnum mig, hann les mig, þarna inni í hausnum á mér. Hann klórar mér bak við augun, hann smeygir sér inn, hann skríður, hann nagar, hann borar. Hann þarf ekkert að vera hissa yfir því að mér sé illt í höfðinu, í kinnholunum, ég er heimsmeistari í kinnholukvefi, augnkvefi, þessi hrúður sem myndast í augnkrókunum, alveg eins og hjá nýfæddum kettlingum, að ég sé með magann fullan af lofti, að ég blási út, að ég nagi á mér neglurnar, að ég gráti yfir engu, að ég gleymi öllu, að ég sé moðhaus eins og hann segir.
En þessi moðhaus er fullur af innkaupalistum, óstraujuðum þvotti, nærbuxum, fullur af uppþvottasápu, svömpum og klósetthreinsi, og hávaðinn í ryksugunni er svo mikill að hann svimar.
Við þyrftum að skipta á milli okkar heimilisverkunum, ég skal taka baðkarið, hann getur þrifið teppið!

*

Þegar ég var lítil hélt ég að ef ég horfði nógu lengi á sólina þá myndu augun í mér verða blá.

*

Hann var rafvirki, það var þannig sem við hittumst.
Öryggin höfðu sprungið, þetta var svarta tímabilið í lífi mínu, ég fann hann á gulu síðunum, hann kom með verkfæratöskuna og hann setti allt á sinn stað: öryggin þar sem þau eiga að vera og það kviknaði á ljósinu.
Ég horfði á hann og sagði við hann, fíflið ég, mér líkar vel við fólk sem kemur ljósinu í lag hjá mér.
Það kviknaði á öllu, útvarpinu, sjónvarpinu, vekjaraklukkunni, ísskápnum, öllu!
Svo fór hann að bjarga fleirum og um kvöldið var hann hér, kominn aftur til mín, og þvoði sér um hendurnar fyrir matinn. Við fórum að sofa og elskuðumst fyrir framan síðasta sjónvarpsþáttinn, einhvers konar fiskveiðiþátt, urðum verulega klístruð.
Þetta var ótrúlegt, húðin til dæmis og lyktin, þetta var alveg fullkomið en jæja …
Svo ákváðum við að eignast barn, þar sem við vorum með laust herbergi sem við notuðum sem geymslu, en eftir því sem ég horfði

meira á draslið þarna inni varð þetta ljósara fyrir mér: barn! Það hafði svifið í kringum okkur í langan tíma eins og línudansari, línudansari sem vill komast niður.
Það sveif þarna fyrir framan barnafatabúðirnar, fyrir framan skóflurnar og föturnar á ströndinni, það var þarna, þessi kjáni, og sveiflaðist fram og aftur allan daginn.
Við vorum með leiðbeiningar til að koma því niður af þessu skýi og við æfðum okkur á hverjum einasta degi til að koma því niður, við æfðum okkur einsog fyrir Ólympíuleikana: lappir upp í loft til að halda því inni. Ég þreif allt húsið, málaði allt hvítt, notaði hreinsiefni og allt. Allt var tilbúið, við höfðum burðast með draslið niður í kjallara, engir blettir á hurðarhúnum eða veggjum, allt hvítt, það vantaði bara vögguna.
Þegar hlutirnir vilja ekki gerast þá vilja þeir ekki gerast, þetta er eins og olía og vatn, það blandast ekki saman, alveg sama þótt maður hristi það, það fer allt á sama veg.
Við hittum hjörð af svokölluðum sérfræðingum, þeir létu okkur pissa í tilraunaglös, rannsökuðu sæðisstöppu herrans, mældu mjaðmagrindina á frúnni, við virkuðum tæknilega séð, en það virkaði ekki, eitthvað sálfræðilegt dót að þvælast fyrir svo barnið komst ekki niður af línunni.
Eitthvert stress, einhver tálmi hjá mér. Við fórum á makróbíótískt mataræði, vonlaust að finna pulsubita eða bara einhverja fitu í ísskápnum og það pirraði hann alveg ískyggilega. Allt var létt og vítamínbætt.

Ég fékk sting í hjartað, alveg til botns þegar hann fór, án afsökunar.
Það er á sunnudögum sem er verst að gleyma, bara á sunnudögum, hina dagana er mér skítsama, ég tek mig taki, en á sunnudögum get ég það ekki
Hann sagði, ég vil þekkja líkama þinn eins vel og minn, fíflið, rafvirkjafíflið.

*

Það er sagt að það sé eitthvað að hjá henni þessari, einhver vandamál.
Hafið þið litið í eigin barm, allir eiga við vandamál að stríða. Það er ekki bara ég, það er alltof auðvelt að segja það.
Hver vogar sér að segja það við mig, ég þoli það ekki.

Allur minn tími fór í að hugsa um aðra, hafa áhyggjur af öðrum, vera miður mín af áhyggjum út af öðrum.
Núna er minn tími kominn, ég hef ofan af fyrir mér, passa mig, hugsa vel um mig.
Það er sagt að maður þurfi að vera viljasterkur til að komast af, en viljastyrkurinn er bara ekki alltaf nóg.
Ég gef skít í þetta lið, ég gef skít í hamingjusamt fólk, ástfangið fólk sem helst í hendur, og hvíslast á. Þau halda að þau séu að segja rosalega merkilega hluti, eins og ég viti ekki hvað þau eru að segja, þetta ömurlega ástfangna lið. Ég veit alveg hvað ég er að segja, búin að fara í gegnum þetta.
Ég gef skít í fólk sem káfar hvort á öðru, sem andar hvort á annað, sem sleppir sér, ég hata pískur, ég hata strokur, kærustupör sem eru fléttuð saman á almenningsbekkjunum, eiga ekki einu sinni fyrir hótelherbergi, þvílíkur aumingjaskapur! Finnst ykkur þetta ekki niðurdrepandi, ég bara spyr?
Þetta er byrjunin, þau vita ekki hvað bíður þeirra, allir þessir djöfulsins asnar eru bara að byrja, á upphafsreit, seinna meir versnar þetta, mér finnst betra að vara ykkur við, þetta á eftir að verða hræðilegt, hrikalegt.
Þeir sjá mig og segja, það er eitthvað að hjá þessari, og þeir þekkja mig ekki einu sinni. Þeir gera ráð fyrir því að ég eigi við vandamál að stríða, ég veit ekki til þess að það sé skrifað á ennið á mér.
Þeir þekktu mig ekki áður, og þeir leyfa sér að tala, að tala án þess að vita …
Án þess að vita að ég, áður, líka núna en sérstaklega áður, þá var ég mjög fyndin. Já, þarna stakk ég upp í ykkur og þið horfið á mig og hugsið bla bla bla …
En þessir helvítis asnar vita ekki að ég var mjög fyndin, þeir geta ekki ímyndað sér það.
Ég mætti á staðinn og allir fóru að hlæja.
Viljið þið fá að heyra „the best of“, oh ég verð að muna eftir þeim besta, það var …
Vitið þið hvað þetta er?
(býr til önd með hendinni og lætur hana fljúga)

Spyrjið bara, hún kemur aftur …
Hahahaha.
Þetta er allt í lagi, ég var búin að vara ykkur við …

*

Fred. – Hlustaðu á mig, ég þarf að segja þér svolítið, gerðu það …
Lucie. – Hvað?
Fred. – Ég var að velta því fyrir mér hvort við gætum farið og fengið okkur kaffi á kaffihúsi eða eitthvað annað, mér er alveg sama …
Lucie. – Ha?
Fred. – Við gætum farið og fengið okkur kaffi eða eitthvað, mér er alveg sama …
Lucie. – Já er það …
Fred. – Það er kaffihús hérna rétt hjá með þægilegri tónlist, grænum plöntum, alvöru, ekki gervi, í anddyrinu er fiskabúr með gullfiskum …
Lucie. – Gullfiskum?
Fred. – Það má henda smápeningum í það og óska sér …
Lucie. – Óska sér?
Fred. – Já …
Lucie. – Já er það …
Fred. – Þú skelfur.
Lucie. – Jæja.
Fred. – Já … af hverju skelfurðu?
Lucie. – Ég veit það ekki.
Fred. – Er þér kalt?
Lucie. – Nei.
Fred. – Hefurðu borðað eitthvað?
Lucie.– Já.
Fred. – Þá er ég að meina almennilega máltíð með eftirrétti, fyrir blóðsykurfallið, ég veit sko, frænka mín var með svona …
Lucie. – Jæja.
Fred. – Já.
Lucie. – Ætli það sé ekki það.
Fred. – Þetta er ekkert alvarlegt …
Lucie. – Jæja.
Fred. – Þú þarft ekki að hafa neinar áhyggjur.
Lucie. – Allt í lagi.

Fred. – Viltu að ég mylji sykurmola í vatn eða á ég að fara og kaupa handa þér súkkulaði?
Lucie. – Nei, nei.
Fred. – Þú segir bara til.
Lucie. – Ég var að segja að allt er í lagi.
Fred. – Ertu viss?
Lucie. – Já.
Fred. – Allt í lagi, ef þig vantar eitthvað þá læturðu bara vita, ekki hika …
Lucie. – Allt í lagi.
Fred. – Á kaffihúsinu er hægt að fá ótrúlega góðan ís með litlum sólhlífum sem standa upp úr rjómanum.
Lucie. – Ég vil vera ein smástund.
Fred. – Nú, ég skil, ég skil, fyrirgefðu, ég er að fara en ég fer ekki langt, ef þig vantar eitthvað hringdu þá bara, heyrðu, ég ætla að setjast þarna, ég fer ekki neitt, ég horfi bara á þig og ef þú þarft eitthvað þá gefurðu merki, allt í lagi, nú fer ég, þangað, allt í lagi, nú fer ég …

*

Maður verður að loka sig inni til að vera viss.
Hætta að hitta fólk.
Bara við tvö, eins lengi og þarf, til að vera viss um hvort annað, til að byggja upp einhvers konar traust, til að vera viss um að við séum eins, elskum hvort annað eins, jafnmikið, hvort annað, skilurðu, og svo gerum við eins og Englendingarnir við grasið, fáum okkur lítil skæri, klippum allt sem er umfram, allt sem gæti valdið óþægindum, orðið okkur til trafala.

*

Ef maður setur til hliðar allar þær óþörfu klukkustundir, allar þær klukkustundir sem maður hefur eytt í að þvo sér, borða, drekka, kaupa inn, elda, leggja á borðið, horfa á sjónvarpið, vinna, fara í vinnuna, koma úr vinnunni, vera á leiðinni, milli tveggja staða, tveggja lesta, tveggja íbúða, sofa.
Hvað er þá eftir?
Þannig að ég þvæ mér sjaldnar, ég borða minna, ég sest ekki lengur við borðið, ég borða beint úr niðursuðudósinni sem ég finn á leiðinni heim.

Ég geri ekki lengur nein plön, ég vinn ekki lengur, ég á ekki lengur sjónvarp, ég labba, því grennri sem ég verð, því minna hugsa ég um þennan líkama sem íþyngir mér alltaf meir og meir.
Að vissu leyti finn ég sjálfan mig.

*

Þetta sumar var mjög erfitt, mjög heitt, kílóið af ferskjum var á sirka þúsundkall, iljarnar kraumuðu í heitum sandinum, maður baðaði sig í hlandvolgu vatninu, gat ekki sofið á nóttinni, malbikið bráðnaði, maður reyndi að kæla sig með vatni, komst ekki út úr húsi, beið eftir síðdeginu til að fara á ströndina, heitt loftið brenndi á manni nasirnar, endalausir síðdegislúrar, það var hægt að kúra saman og elskast smávegis, telja flugurnar í loftinu, helvítis sumarið, þetta sumar, helvítis sumar.
Þetta sumar var mjög erfitt, mjög heitt og kílóið af ferskjum var á sirka þúsundkall.

*

Ég hef alltaf gert allt alltof hratt.
Ég er stelpan sem gleypir í sig lífið en það stendur allt í mér. Vegna þess að ég er alltaf að flýta mér …
Til dæmis að borða peru, ég veit ekki almennilega hvað það er, af því að þegar ég smakkaði peru í fyrsta skipti var hún ekki nógu þroskuð, hún var græn.
Og það skilur eftir skrítið bragð á tungunni og á tönnunum, þegar þú skyrpir hýðinu og aldinkjötinu út úr þér. Það var enginn sem sagði mér að hún væri ekki nógu þroskuð til að leggja sér til munns. Það leið langur tími þangað til ég nartaði í næstu peru, hún var safarík.
Vitið þið af hverju það er sett rautt vax á stöngulinn?
Þetta er kannski smáatriði en það er í rauninni mjög mikilvægt.
Málið er að peran, hún byrjar að rotna á þessum stað. Ótrúlegt, perurnar rotna á stönglinum, þær drepast, þær eldast, út frá þessu, þetta er geðbilun. Svo breiðist hún út ef við gleymum rauða vaxinu, og hún étur sig áfram, hægt, hún skemmir holdið, innan frá, hún drepur hana alls staðar, hægt en örugglega, eins og hold á fiski sem losnar of auðveldlega frá beinunum. Brúnir blettir koma í ljós út um allt, stækka og fjölga sér hægt og rólega án þess að skemma neitt, stækka og lina aldinkjötið … og það endar eins og legusár,

drep, ég veit það ekki, það þýðir ekkert að reyna að halda henni saman, að reyna að taka hana úr pakkningunni, stöngullinn verður eftir í hendinni, og peran helst ekki saman, hún er lin, blaut, svört að innan, svona er að eldast, þessar helvítis frumur sem gefast upp alltof fljótt, alltof hratt …
Þegar peran er ennþá græn og stinn, þá er setur maður smá vax til þess að hún þroskist smátt og smátt, frá degi til dags, eins og hún á að gera.
Ég hef alltaf gert allt alltof hratt.

*

Bara tæma hugann eins og í bíó, ís í brauðformi og súkkulaði, bara tæma hugann í eitt skipti fyrir öll, láta sér blæða út, leyfa þessari drullu að leka út, tæma, án þess að flokka, sérstaklega ekki greina hið góða frá hinu illa, slaka algerlega á, gleyma, þvinga sig til að gleyma, gleyma öllu, vera með höfuðið í skýjunum, gleyma hvað ég heiti, hvenær ég er fæddur, hvaða dag, gleyma ástvinum.
Ég sé lítil lömb hlaupa um í grasinu og hvíta skýjahnoðra, segl og fiska, net og mislit handklæði í vindinum, litla dropa á flísunum, litla dropa af kvikasilfri, kvikasilfur, það er ekki hægt að ná því með fingrunum, of fínt, of þétt, kvikasilfrið er of fínt, of þétt, það er ekki hægt, ekki hægt … það er ekki hægt … kvikasilfrið.

*

Vitið þið hvað þetta kostar?
Þessi jakki hérna, kostaði 60 þúsund kall.
Og vitið þið hvað þetta kostar?
Kjóllinn minn, hann kostaði 40 þúsund kall.
Vitið þið hvað skórnir mínir kosta?
Skórnir mínir, þeir kosta 18 nei, 20 þúsund, já 20 þúsund kall.
Og sokkabuxurnar mínar þær kosta þrjú þúsund.
Og vitið þið hvað þetta kostar?
Nærbuxurnar mínar, þær kosta þrjú þúsund og fimm hundruð.
Æ nei … vitið þið hvað þetta kostar?
(sýnir annað brjóstið) sjö þúsund
(hún sýnir hitt brjóstið) Óheppin, ég er með tvö … Segjum 14 þúsund krónur.
Ég er metin á 140 þúsund og fimm hundruð krónur.
Er þetta ekki grátlegt?

*

Ég tek hana, faðma hana að mér en finn ekkert.
Við „elskumst“ en ég finn ekkert.
Ég er hérna, stari á vegginn og ég hugsa um allt sem ég þarf að gera eins og eldabuska fyrir framan pottana.
Ég sest á rúmið.
Hún horfir á brauðmylsnu á teppinu.

*

Það er ekki höggið sem meiðir heldur að hafa ekki séð það fyrir, vera ekki undirbúin.
Því slær eins og eldingu niður í hausinn, það kemur í myrkrinu og fæturnir svíkja þig, þú ert eins og nýfætt folald sem er að reyna að labba í fyrsta skipti, skilurðu. Þú ert eins og bómull og þú hrynur niður, án þess að vita hvað er að gerast og hvað hefur gerst, þú þreifar þig áfram, skríður út í horn, þú leitar að einhverjum, að einhverju til að grípa í, fæti, ég veit ekki, einhverju og þú bíður eftir að einhver komi og hjálpi þér, að standa upp, hjálpi þér að standa upp, taki þig í fangið, elski þig!
Það eru höggin sem þú hefur ekki séð fyrir sem særa mest.

*

Þetta er líka þín sök allt þetta, þú segir alltaf að ég skilji ekki neitt, að ég taki allt svo bókstaflega. Já, en þegar þú segir mér að fara og láta einhvern annan ríða mér, er það bókstaflega eða ekki? Að ég sjái ekki lengra en nefið á mér.
Þú heldur að ég sé yfirborðskennd, já einmitt, að ég sé alltaf á yfirborðinu, eins og lítið fiðrildi sem flögrar í kringum þig, eða tík, eins og þú segir alltaf, hvað ert þú að gera þarna eins og tík að þefa af rassgatinu á mér! Er það bókstaflega eða hvað?
Þessi gaur, ef ég hef snert hann þá var það bara til að gleyma þér í smástund, til að hrekja þig burt úr hausnum á mér, því að þú settir allt á hvolf, snerir öllu við. Þú hefur engan rétt á því að vera hérna, hálfsofandi milli stríða, þú þarft að hverfa, ég vil gleyma þér í smástund. Farðu, bara á meðan ég er að pissa. Gefðu mér smá tíma. Ég ætla að eyða þessu, öllum þessum svörtu hugsunum sem krauma hérna inni. Ég rétt kom við hann, veistu, ég varla horfði á hann, ég tók hann bara eins og pillu, eins og pillu til að gleyma þér.

*

Hann. – Af hverju ertu með mér?
Hún. – Af því ég er heppin, heppin að hafa hitt þig.
Hann. – Er það?
Hún. – Já, vegna þess að þú ert öðruvísi, þú átt ekkert, ekki neitt. Bara þig, og það er öðruvísi.
Hann. – Er það ástæðan fyrir því að þú ert með mér?
Hún: Þú átt ekki hús, ekki bíl, engan pening, þú lofar mér engu, þú vilt ekkert, við vitum ekki hvar við sofum í kvöld eða á morgun, ekkert, og það, það er gott. Þú veist ekki hvað það er gott að vita ekki hvað mun gerast, að hafa ekkert plan, að lofa engu, við munum gera allt saman.
Hann. – Já
Hún. – Já, og það er tilbreyting, um leið og ég hitti einhvern þá rúntar hann með mig í þessum skítabíl sínum, hann sýnir mér íbúðina sína, ótrúlega stoltur, hann er alltaf að laga á sér hárið, skilurðu, hann talar um ferðalög, býður mér á veitingastað, lætur vita að hann á pening, lætur vita af sér, heilsar öllum á kaffihúsinu, talar hátt, eins og hani í hænsnakofa, montar sig í billjard, talar um kvikmyndir. Þú gerir ekkert af þessu og þegar þú horfir á mig þá horfirðu bara á mig og ekki til hliðar eða yfir öxlina á mér, skilurðu?
Hann. – Ekki alveg.
Hún. – Það skiptir ekki máli, í alvöru það skiptir ekki máli. Það er bara betra, betra að þú skiljir ekki.
Hann. – Kannski.
Hún. – Kysstu mig.

*

Ég skil akkúrat ekki neitt.
Ég skil ekki hvernig rafmagnið fer í gegnum vírana, hvernig ljósið kemur og allt. Ég veit að það eru virkjanir og túrbínur og vélar, það veit ég, ég veit að það þarf að virkja eldinguna.
Nei, í alvörunni, ég veit það ekki, ég ýti á takka og … verði ljós, einfalt!
Þetta er nú ekki flóknara en það í höfðinu á mér, ég ýti á takka og inni í veggnum fer allt af stað í vírunum og svo í peruna. Ég er sko nútímakona!
Og útvarpið, mér er sagt að það séu bylgjur sem spássera um,

„megahertz“ og hvað eina, ekki veit ég hvað það þýðir, „megahertz“ … en hvað með það, útvarpssendir og allt, leiðarar sem leiða þetta allt saman, og þegar ég sný takkanum skipti ég um bylgju og ég næ henni, en ég, ég sjálf næ engu, skil ekkert. Ég skil ekki hvernig þetta virkar þarna uppi til að það komi niður, ég gæti ekki gert þetta, fengið bylgjurnar til að koma niður aftur.
Og sjónvarpið, það er það sama, ég ætla ekki að fara út í smáatriðin, ég ýti á takkann og ég fæ mynd, en ég get ekki útskýrt þetta, hvernig á ég að fara að því?
Og bíllinn, það sama, ég set bensín á hann, olíu, vatn, það veit ég og svo sný ég lyklinum.
Og flugvél sem tekur á loft? Það skil ég ekki.
Og risastórt flutningaskip úr járni, hvernig flýtur það? Er það loftbólan? Er það málið?
Og eldflaugarnar, drifkrafturinn! Glætan!
Ég er á núlli, ég má þola allan helvítis daginn, ég er á núlli, ég má þola.
Ekki vera hissa þó ég leiti örvæntingarfull að einhverjum sem getur útskýrt þetta allt fyrir mér, þið þurfið ekkert að vera hissa að mig langi að grenja um leið og ég vakna á morgnana.
Það eina sem ég veit, eða ég held það, er að jörðin er hnöttótt, en þeir hafa nú sagt það í sjónvarpinu að hún sé nú ekki alveg hnöttótt, þeir segja að hún sé flöt á pólunum. Flöt á pólunum.
Ég er nútímakona sem lifir á fornöld.

*

Það er undarlegt, ég veit ekki hvaðan ég kem né hvert ég er að fara, ég fer á fætur á morgnana og segi við sjálfa mig að það sé gott hjá mér að fara á fætur, fara í sturtu, stinga mér undir bununa, ég þvæ af mér síðustu nótt og allar hinar næturnar líka, ég vil vera GAGNLEG fyrir einhvern eða eitthvað, sjálfboðaliði, skeina gamlingja, tala við þá, færa þeim kökur, eitthvað í þá áttina, ég veit það eiginlega ekki, ég hef ekki gert neitt merkilegt um ævina, ekki neitt ómerkilegt heldur, ég er ekki viss lengur, ég gleymi, ég er búin að gleyma þeim sem ég elska og þeim sem hafa elskað mig.

*

Himinninn opnast. Óróleiki. Maður finnur hlutina koma.
Loftið breytist, allt breytist, hægt.

Allir veggir svitna, allar gangstéttir verða hálar, gluggarúðurnar þykkna, göturnar þrengjast, akrarnir brenna, trén missa laufin, reykurinn þéttist, börnin verða háværari í leiknum.
Sumir reyna, hinir sofna.

*

Stundum verður jörðin svört allt í einu, hún sem var svo græn andartaki áður, einu andartaki áður.